

Kennaratalið

II, bls. 421

Magnús Magnússon, f. 19. okt. 1926 í Reykjavík.



Albróðir Sigríðar kennara (f. 23. nóv. 1924) Magnús-dóttur. Stúd. M. R. 1945. Hásk. Cambridge, Englandi (eðlisfr. og stærðfr.): B.A. 1949, M.A. 1952. Námsdvöl við Princeton University, Bandaríkjunum, 1954-55, Nordita í Khöfn 1958-60. Kennari verkfræðideild Hásk. Ísl.: eðlisfr. 1953-54, eðlisfr. og stærðfr. 1955-56; prófessor (eðlisfr. og hagnýtt stærðfr.) frá 1960. Kenn. M. R. (eðlisfr. og efnafr.)

1955-56. Frkvstj. Kjarnfræðanefndar Íslands 1956-58. Rit: Further Properties of the Energy-Momentum Complex in General Relativity, í Kgl. Danske Vidensk. Selsk. Mat.-Fys. Medd. 32, 1960. Greinir fyrir almenning um eðlisfræðileg efni í blöðum og tímaritum. K. 9. sept. 1949 Helga Alice (f. 15. ágúst 1926) Guðmundsdóttir frkvstj. í Rvík, Vilhjálmssonar, og k. h. Kristínar Thors Vilhjálmsson, f. Jensen. Börn: Kjartan Guðmundur, f. 20. marz 1952. Magnús Már, f. 12. júlí 1954. Margrét Þorbjörg, f. 23. marz 1957. (63)

IV, bls. 430

Magnús Magnússon II. 430, f. 19. okt. 1926. Prófessor í eðlisfr. við verkfræðid. H. Í. frá 1960. Forstöðum. Reiknistofnunar H. Í. frá stofnun 1964-72 og forstj. Raunvísindastofnunar H. Í. frá stofnun 1966-76. Forseti verkfræðid. H. Í. 1965-67, verkfræði- og raunvísindad. H. Í. 1971-73. Form. frkvnefndar Rannsóknaráðs ríkisins frá stofnun 1965-71. Í stjórn Vísindasjóðs frá 1971. Fltr. Ísl. í Nordisk Kontaktorgan for Atomenergispørgsmål frá 1956, Steering Committee for Nuclear Energy frá 1956, stjórn Nordita frá 1973, varaform. 1978-81, form. 1982-84 og við International Atomic Energy Agency í Vín frá 1957. Ráðunautur ríkisstj. í kjarnfræðamálum frá 1964. Félagi í Hinu ísl. stærðfræðafél., Eðlisfræðifél. Ísl. og Vísindafél. Ísl. frá 1961, forseti 1977-80. Rit (vb.): Tæknimenntun á Íslandi, í Tímariti Verkfræðingafélags Ísl., 1960. Öld rafeindareiknanna, í sama, 1964. Record linkage in a self-contained community (með öðrum), í Record Linkage in Medicine, 1967. Reiknivélar, í Almanaki Hins ísl. þjóðvinafél., 1968. The blood groups of Icelanders (með öðrum), í Ann. Human Genetics, 1973.